



**STAPI**  
LÍFEYRISJÓÐUR

Ársfundur

4. maí 2016

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins
4. Breytingar á samþykktum
5. Kosning stjórnar
6. Kosning löggilts endurskoðanda
7. Laun stjórnar
8. Önnur mál


## 2. SKÝRSLA STJÓRNAR, KYNNING OG AFGREIÐSLA ÁRSREIKNINGS OG TRYGGINGAFRÆÐILEGT MAT



## SKÝRSLA STJÓRNAR

PÓRARINN GUÐNI SVERRISSON, STJÓRNARFORMAÐUR

## 2. SKÝRSLA STJÓRNAR, KYNNING OG AFGREIÐSLA ÁRSREIKNINGS OG TRYGGINGAFRÆÐILEGT MAT



## ÁRSREIKNINGUR 2015

GUÐMUNDUR BALDVIN GUÐMUNDSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI

# HREIN EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS HÆKKAR UM 13,6%

Breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris (m.kr.)



	2015	2014
Iðgjöld	7.911	7.162
Lífeyrir	-4.687	-4.395
Fjárfestingartekjur	18.428	9.541
Rekstrarkostnaður	-285	-286
Aðrar tekjur/gjöld	95	-207
<b>Hækkun á hreinni eign</b>	<b>21.461</b>	<b>11.813</b>
Hrein eign frá fyrra ári	157.810	145.997
<b>Hrein eign í árslok</b>	<b>179.272</b>	<b>157.810</b>

# Efnaahagsreikningur

	2015	2014
Eignahlutir í félögum og sjóðum	79.374	64.129
Skuldabréf	86.647	80.032
Bundnar bankainnistæður	2.154	2.763
Kröfur	964	705
Ýmsar eignir	59	61
Handbært fé	10.181	10.996
Skuldir	-108	-877
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>	<b>179.272</b>	<b>157.810</b>




# Íðgjöld




# ÞRÓUN IÐGJALDA

Mikil hækkun iðgjalda í tryggingadeild (12,1%) 3,7% umfram launavísitölu.

### Iðgjöld tryggingadeildar (m.kr.)




### Iðgjöld séreignardeildardeildar (m.kr.)






# STÆRSTU IÐGJALDAGREIÐENDUR (M.KR)

15 stærstu launagreiðendur greiddu 34% iðgjalda Stapa árið 2015




# ATVINNUGREINASKIPTING IÐGJALDAGREIÐENDA




# ALDUR GREIÐANDI SJÓÐFÉLAGA


## Aldur iðgjaldagreiðenda 2015



## Fjöldi og meðalaldur iðgjaldagreiðenda





## Vanskil á iðgjöldum sem hlutfall af iðgjöldum






# Lífeyrir




# ÞRÓUN LÍFEYRISGREIÐSLNA (M.KR)

Lífeyrisgreiðslur tryggingadeildar hækka um 9,6% milli ára (8,0%)




Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar lækka um 43% milli ára




# LÍFEYRISGREIÐSLUR SÉREIGNARDEILDAR (M.KR)

Sérstakar útgreiðslur úr séreign hafa verið verulegar undanfarin ár – lauk að mestu 2014




# FJÖLDI LÍFEYRISÞEGA Í TRYGGINGAÐEILD

Fjölgun um 491 (6,5%)






# SAMSETNING LÍFEYRISGREIÐSLNA





# ALDURSDREIFING LÍFEYRISÞEGA 2015






# Fjárfestingartekjur




# FJÁRFESTINGARTEKJUR TRYGGINGAÐEILDAR (M.KR.)




# YFIRLIT ÁVÖXTUNAR

Ávöxtun tryggingadeildar Stapa sl. 5 ár




# FJÁRFESTINGARTEKJUR SÉREIGNARDEILDAR (M.KR)





# YFIRLIT ÁVÖXTUNAR

Ávöxtun séreignadeilda Stapa sl. 5 ár





# Kostnaður







# ÞRÓUN KOSTNAÐAR

Kostnaðarhlutfall sem hlutfall af meðalstöðu eigna


■ Heildarkostnaður ■ Hlutfall án skatts



# SKIPTING REKSTRARKOSTNAÐAR 2015



# SAMANBURÐUR Á KOSTNAÐARHLUTFALLI




\*Kostn. m.v. ársreikning ársins 2014

## 2. SKÝRSLA STJÓRNAR, KYNNING OG AFGREIÐSLA ÁRSREIKNINGS OG TRYGGINGAFRÆÐILEGT MAT



## TRYGGINGAFRÆÐILEGT MAT

UNNIÐ AF BJARNA GUÐMUNDSSYNI,  
TRYGGINGASTÆRÐFRÆÐINGI



- Tryggingafræðilegar athuganir – aðferðafræði og forsendur
- Niðurstaða Stapa 2015
- Breyting ársins 2015
- Sjóðfélagahópur Stapa

# TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN – STAPI 2015

Aðferðarfræði og forsendur

## Tilgangur athugunar :

- Kanna hvort eignir sjóðsins muni nægja til að kosta þau lífeyrisréttindi sem samþykktir sjóðsins kveða á um
- Athugunin felst í samanburði eigna og verðmætis iðgjalda við væntanleg útgjöld til greiðslu lífeyris og kostnaðar við rekstur
- Lög 129/1997 kveða á um árlega athugun eftir samræmdum forsendum og aðferðum

Aðferðarfræði og forsendur

## Framsetning niðurstöðu:

- **Skuldbindingum** (útgjöldum) skipt í **áfallnar-** og **fram tíðar**.
- **Áfallnar:** vegna réttinda sem sjóðfélagar eru búnir að ávinna sér
- **Fram tíðar:** áætlaðar vegna réttinda sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að ávinna sér
- **Eignum** er skipt með sama hætti, í núverandi eignir sem mæta áföllnum skuldbindingum og verðmæti iðgjalda sem mætir verðmæti fram tíðarskuldbindinga
- **Heildarskuldbindingar** eru samtala áfallinna- og fram tíðarskuldbindinga og eru bornar saman við samtölu eigna og verðmætis iðgjalda

# TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN – STAPI 2015



Aðferðarfræði og forsendur

## Helstu forsendur 2015:

- Vextir 3,5% umfram hækkun réttinda
- Lífslíkur íslenskar – reynsla árána 2007-2011
- Örorkulíkur íslenskar – reynsla lífeyrissjóða 1998-2002
- Forsendur eru óbreyttar frá síðustu athugun
- Ákveðnar með l. 129/1997 og rg. 391/1998 sem einnig tilgreinir leyfileg vikiörk milli eigna og skuldbindinga



# TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN – STAPI 2015

Niðurstaða

**TAFLA II. TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA STAPA LÍFEYRISSJÓÐS 2015 – FJÁRHÆÐIR Í MILLJÓNUM**

<b>Eignir</b>	<b>Áunnið</b>	<b>Framtíð</b>	<b>Heildar</b>
Eignir:	174.442,9		174.442,9
Endurmat:	-4.151,9		-4.151,9
Fjárfestingagjöld:	-1.966,2		-1.966,2
Rekstrarkosntaður:	-1.798,8	-2.431,8	-4.230,6
Örorkuframlag		5.472,1	5.472,1
Iðgjöld:		110.115,9	110.115,9
<b>Samtals:</b>	<b>166.526,0</b>	<b>113.156,2</b>	<b>279.682,2</b>
<b>Skuldbindingar</b>			
Ellilífeyrir:	136.544,6	84.738,4	221.283,0
Örorkulífeyrir:	21.716,4	19.758,0	41.474,4
Makalífeyrir:	9.125,1	4.955,0	14.080,1
Barnalífeyrir:	184,0	1.503,1	1.687,1
<b>Samtals:</b>	<b>167.570,1</b>	<b>110.954,5</b>	<b>278.524,6</b>
<b>Mismunur:</b>	<b>-1.044,1</b>	<b>2.201,7,</b>	<b>1.157,6,</b>
<b>Hlutf. af skuldb.</b>	<b>-0,62%</b>	<b>1,98%</b>	<b>0,42%</b>

# TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN – STAPI 2015



Niðurstaða

- Staða sjóðsins er innan almennra marka l.129/1997
- Ef munur milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóðs er minni en 5% er ekki skylda til að grípa til aðgerða

# TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN – STAPI 2015



Breyting frá fyrra ári

- Tryggingafræðileg staða batnar frá fyrra ári

Þá - 3,77%

Nú 0,42%

- Framtíðar staða batnar vegna lægra hlutfalls iðgjalda sem fer til jafnrar ávinnslu, lækkandi kostnaðarhlutfalls og breyttra réttindataflna
- Áfallin staða batnar einkum vegna góðrar ávöxtunar (um 9% m.v. endurmetna eign)

# Tryggingafræðileg athugun – Stapi 2015




Áhrif af upptöku nýs réttindakerfis

- Óveruleg við lok 2015
  - » Framtíðarstaða batnar lítillega vegna aðlögunar að lífslíkum 2007-2011
  - » Réttindi lífeyrisþega breyttust ekki
  - » Skuldbinding vegna áunninna réttinda í lok árs 2015 nánast óbreytt
  
- Til framtíðar mun réttindastaða þeirra sem ekki hafa byrjað töku lífeyris aðlagast árangri sjóðsins í ávöxtun á hverjum tíma

# TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN – STAPI 2015


Yfirlit um sjóðfélaga

Skuldbindingar



■ Lífeyrisþegar ■ Óvirkir ■ Virkir

Fjöldi



■ Lífeyrisþegar ■ Óvirkir ■ Virkir

### 3. GERÐ GREIN FYRIR FJÁRFESTINGARSTEFNU SJÓÐSINS





### FJÁRFESTINGASTEFNA OG ÁVÖXTUN

ARNE VAGN OLSEN, FJÁRFESTINGASTJÓRI






# Eignasamsetning



# EIGN TRYGGINGAÐEILDAR — SAMANBURÐUR MILLI ÁRA


Dregið úr vægi innlendra skuldabréfa og aukið við innlend hlutabréf






# RÍKISSKULDABRÉF – EIGN Í ÁRSLOK 63 MA. KR.

Hlutfallsleg eign hefur minnkað samhliða uppbyggingu annarra innlendra markaða




# ÖNNUR MARKAÐSSKULDABRÉF – EIGN Í ÁRSLOK 16 MA. KR.

Mikil aukning í útgáfu sértryggðra skuldabréfa




# VEÐSKULDABRÉF OG FASTEIGNIR – EIGN Í ÁRSLOK 7 MA. KR.

Aukin útgáfa veðskuldabréfa og nýir möguleikar á innlendum fasteignamarkaði




# INNLEND HLUTABRÉF – EIGN Í ÁRSLOK 34 MA. KR.

Dýpri markaður í góðu rekstrarumhverfi = aukin fjárfesting í eignaflokknum




# ERLEND SKULDABRÉF – EIGN Í ÁRSLOK 2 MA. KR.

Töluverð minnkun – verð skuldabréfa víða í sögulegu hámarki




# ERLEND HLUTABRÉF - EIGN Í ÁRSLOK 35 MA. KR.

Töluverð aukning skráðra hlutabréfa - aukin tækifæri í kjölfar hrunsins




# SÉRHÆFÐAR ERL. FJÁRFESTINGAR – EIGN Í ÁRSLOK 4 MA. KR.

Nokkur minnkun marksjóða – erfitt umhverfi frá hruni



# SKAMMTÍMABRÉF OG INNLÁN - EIGN Í ÁRSLOK 14 MA. KR.



Góð áhættuvegin ávöxtun skammtímaeigna samanborið við skuldabréf








# Ávöxtun eigna 2015




# ÞRÓUN INNLENDRA HAGSTÆRÐA 2015

Í samanburði við síðustu 5 ár


Verðbólga lág miðað við undanfarin ár...




...kröftugur hagvöxtur m.a. drifinn af einkaneyslu...



...áframhaldandi styrking ISK vegna ferðamanna...




...og meginvextir voru hækkaðir í þriggung á árinu




# INNLEND SKULDABRÉF

Yfirlit árs 2015


Stærsti eignaflokkur Stapa...




...góð ávöxtun skuldabréfa, einkum verðtrygðra...



...skilaði sér í góðri ávöxtun skuldabréfa Stapa...




...og heildareign jókst um 5 ma. kr. á árinu 2015




# INNLEND HLUTABRÉF

## Yfirlit árs 2015


Aukið vægi undanfarin ár – stækkandi markaður...




...sem skilaði mjög góðri ávöxtun á árinu



Eignasafn Stapa hækkaði um rúmlega 40% ...




...og heildareign jókst um 13 ma. kr. á árinu 2015




# ERLEND HLUTABRÉF

## Yfirlit árs 2015


Aukið vægi undanfarin ár – góð ávöxtun frá 2009...




...en 2015 reyndist sveiflukennt í meira lagi...



...og afkoman litast einnig af 7,3% styrkingu ISK...




... og heildareign jókst um 3 ma. kr. á árinu



# ERLEND SKULDABRÉF

Yfirlit árs 2015


Hlutfallslega lítill eignaflokkur...



... miklar sveiflur á árinu...



... uppgjör afleiðusamninga við Glitni lita afkomu...




... og heildareign jókst um tæplega 1 ma. kr. á árinu




# SÉRHÆFÐAR ERLENDAR FJÁRFESTINGAR

Yfirlit árs 2015


## Hlutfallslega lítill eignaflokkur...




## ...töluverðar sveiflur á árinu...



## ...lág ávöxtun – hrávörusjóður lækkar vegna olíu...




## ...og heildareign minnkaði um 2 ma. kr. á árinu




# GÓÐ ÁVÖXTUN ÁRIÐ 2015

Raunávöxtun nam 9,2%

Hæsta raunávöxtun síðan 2005



Árleg raunávöxtun yfir 3,5% á flestum tímabilum






# GÓÐ ÁVÖXTUN SKÝRIST AF INNLENDUM EIGNAFLOKKUM


Mikil hækkun innlendra hluta- og skuldabréfa...

...og innlend hlutabréf áttu stærstan þátt í góðri ávöxtun

Ávöxtun eignaflokka 2015




Ávöxtunarframlag eignaflokka 2015




# ÁVÖXTUN STAPA 2015 ER GÓÐ SAMANBORIÐ VIÐ AÐRA

Raunávöxtun Stapa til 1 árs er mjög góð...





...en lág sé horft til fimm ára á ársgrunni



- Nokkrar breytingar voru gerðar á eignasamsetningu Stapa á árinu
  - » Eign í innlendum ríkisskuldabréfum minnkaði um 5 ma. kr.
  - » Eign í innlendum hlutabréfum jókst um 13 ma. kr. og um 3 ma. kr. í erlendum hlutabréfum
  
- Ávöxtun 2015 litast af góðri ávöxtun innlendra eigna
  - » Innlend skuldabréf hækkuðu um 8% og innlend hlutabréf hækkuðu um tæplega 41%
  - » Erlendir markaðir áttu undir högg að sækja í grunnmynt auk þess sem styrking ISK dró úr ávöxtun þeirra
  
- Erum tiltölulega bjartsýn á ávöxtun 2016, þó töluverð óvissa framundan
  - » Verður gjaldeyrishöftum aflétt á Íslandi?
  - » Pólítísk óvissa bæði héraendis og erlendis (t.d. Brexit)
  - » Óvissa með aðgerðir seðlabanka, ekki síst í Evrópu og Japan
  - » Aukinn ófriður erlendis, m.a. ISIS
  - » Flóttamannastraumur til Evrópu




# Séreign




# INNLAANA SAFNIÐ (0,4 MA. KR. Í ÁRSLOK)

Eignasamsetning í árslok og árangur

Að fullu ávaxtað í innlánnum...




...og ávöxtun þokkaleg undanfarin ár




# VARFÆRNA SAFNIÐ (3,2 MA. KR. Í ÁRSLOK)

## Eignasamsetning í árslok og árangur

75%fjárfest í innlendum skuldabréfum í árslok...




...og ávöxtun undanfarin ár hefur verið góð




# ÁRÆÐNA SAFNIÐ (0,4 MA. KR. Í ÁRSLOK)

## Eignasamsetning í árslok og árangur

Meiri áhætta en varfærna safnið – aukið hlutfall hlutabréfa




...og líkt og í varfærna safninu hefur ávöxtun verið góð



# EIGNASAMSETNING SÉREIGNARSAFNA 31.12.2015



Ólík áhættustig endurspeгла mismunandi eignasamsetningu safna séreignardeildar







# Fjárfestingarstefna 2016



# FJÁRFESTINGARSTEFNA STAPA FYRIR ÁRIÐ 2016

Hver er tilgangur fjárfestingarstefnu?


- Fjárfestingarstefna hvers árs segir til um hvert skuli stefna í fjárfestingum sjóðsins á því ári
  - » Á að auka eða minnka áhættu?
  - » Á að auka eða draga úr vægi einstakra eignaflokka?
  
- Fjárfestingarstefnan skilgreinir heimildir starfsmanna sjóðsins til fjárfestinga
  - » Hversu mikið má sjóðurinn eiga í tilteknum eignaflokkum, t.d. innlendum hlutabréfum?
  
- Fjárfestingarstefnan skilgreinir viðmið fyrir eignasafnið
  - » Viðmið notað til að meta árangur stýringar
  
- Fjárfestingarstefnan aðgengileg í heild sinni á heimasíðu sjóðsins

Hver eru markmiðin?


- Í fjárfestingarstefnu Stapa eru fjárfestingarmarkmið tryggingadeildar sjóðsins skilgreind:
  - » Að ná að ávaxta sjóðinn þannig að hann standi undir skuldbindingum
    - Árleg raunávöxtun undanfarin 5 ár nemur 4,0%
  - » Að ná 1-2% ávöxtun umfram verðbréfangrunn (viðmiðunarvísitölu) á hverju 5 ára tímabili
    - Árleg nafnávöxtun viðmiðunarvísitölu 2011-2015 nemur 8,4% en ávöxtun sjóðs á sama tímabili nemur 7,3%.
  - » Að ná a.m.k. 0,5-1,0% ávöxtun umfram meðalsjóðinn á hverju 5 ára tímabili
    - Meðalraunávöxtun (óvegin) lífeyrissjóða undanfarin 5 ár er 6,2%, ávöxtun Stapa á sama tímabili nemur 4,0%

# HELSTU FORSENDUR FJÁRFESTINGARSTEFNU 2016


Spáum 4% verðbólgu í árslok 2016...



..og lækkandi ávöxtun innlendra eigna...



...en hækkandi ávöxtun erlendra eigna




Aðrar forsendur


- Gengisvísitala ISK verði óbreytt
- Engar gjaldeyrisvarnir komi til á árinu

# FJÁRFESTINGARHEIMILDIR OG MARKMIÐ 2016

## Fjárfestingarmarkmið í árslok 2016




## Hámarkseign í stökum eignaflokkum – innlend hlutabréf í 25%



# SAMSETNING VIÐMIÐUNARVÍSITÖLU 2016

Dregið úr vægi skuldabréfa og aukið við vægi hlutabréfa





# ÁÆTLUÐ ÁVÖXTUN OG ÁHÆTTA 2016

Spá um hærri ávöxtun með lægri áhættu



Markmiðsávöxtun er hærri en sögulegt meðaltal...

...en vænt áhætta lægri...



Hlutfall tryggingaefna er lægra en langtímameðaltal


...og hlutfall ávöxtunarefna því hærri




Tryggingaefnum er ætlað að ná a.m.k. sömu ávöxtun og skuldbindingar við flestar markaðsaðstæður á 1-3 ára tímabili  
Ávöxtunarefnum er ætlað að auka ávöxtun umfram vöxt skuldbindinga til lengri tíma litið (+5 ár)

# ÁVÖXTUN FYRSTU ÞRÍJA MÁNUÐI ÁRS 2016

Miklar verðsveiflur á mörkuðum frá áramótum



Nafnávöxtun tryggingadeildar fyrstu þrjú mánuði 2016





## Samantekt

- Heildaráhætta hefur ekki verið aukin
  - » Markmiðsáhætta er sambærileg og á árinu 2015
- Gert er ráð fyrir litlu hærra hlutfalli áhættumeiri eigna
  - » Aukið við vægi hlutabréfa og skammtímabréfa og innlána, dregið úr vægi skuldabréfa
- Spá er spá
  - » Ólíklegt að allar forsendur gangi eftir
- Nafnávöxtun ársins er áætluð 8,9%
  - » Miðað við áætlaða verðbólgu þýðir það 4,7% raunávöxtun
  - » Nafnávöxtun fyrstu þrjú mánuði 2016 er 0,1%

### 3. GERÐ GREIN FYRIR FJÁRFESTINGARSTEFNU SJÓÐSINS



### ÁHÆTTUSTÝRING

JÓNA FINNDÍS JÓNSDÓTTIR, ÁHÆTTUSTJÓRI





- Markmið
  - » Hámarka líkur á að sjóðurinn standi við skuldbindingar.
  - » Stuðla að árangri og skilvirkni í starfsemi sjóðsins.
  - » Tryggja áreiðanleika fjárhagsupplýsinga.
  - » Tryggja hlítingu við lög og reglur.
  
- Framkvæmd
  - » Töluleg markmið áhættu við ávöxtun fjármuna.
  - » Vöktun ýmissa áhættuþátta.
  - » Hlíting við lög, tilmæli og reglur er könnuð.

- Lífeyristryggingaáhætta er hættan á því að skuldbindingar sjóðsins vaxi umfram eignir og að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga.
- Mótaðilaáhætta er hættan á að mótaðilar eða milliliðir í viðskiptum standi ekki í skilum eða að hæfni þeirra til greiðslu versni verulega.
- Fjárhagsleg áhætta (markaðsáhætta) lýtur fyrst og fremst að fjárhagslegum atriðum í starfsemi sjóðsins, þ.e. hættu á fjárhagslegu tapi vegna breytinga á markaðsvirði liða innan og utan efnahagsreiknings
- Rekstraráhætta lítur fyrst og fremst að starfsemi lífeyrissjóðsins, þ.e. hætta á tjóni sem rekja má til ófullnægjandi eða ónothæfra innri verkferla, upplýsingakerfa, starfsmanna eða til ytri atburða.


- Mikil áhersla er lögð á eftirfylgni við fjárfestingar sjóðsins.
  - » Kostgæfniathuganir eru unnar á nýjum eignastýrendum og óskráðum eignum.
  - » Fjárfestingar eftir atvikum bornar undir framkvæmdastjóra, áhættustjóra og stjórn.
  - » Mánaðarlegar skýrslur um afkomu eigna.
  
- Eins er mikil áhersla lögð á réttmæti úrskurða lífeyris.
  - » Vegna upptöku nýja réttindakerfisins þarf að leggja aukna áherslu á þennan þátt.



# Helstu áhættuþættir sjóðsins




- Réttindi í lífeyrissjóðnum breytast í samræmi við ávöxtun á eignum hans.
- Skv. spá sjóðsins um ávöxtun og áhættu eignaflokka eru um 5% líkur á að nafnávöxtun sjóðsins verði neikvæð á árinu 2016.
- Ef verðbólga verður 4% þá eru um 20% líkur á neikvæðri raunávöxtun á árinu 2016.



- Samþjöppunaráhætta er skilgreind sem heildaráhætta eignasafns af tilteknum mótaðila og aðilum tengdum honum.
- Í mati á mótaðilaáhættu eru skuldabréf metin áhættuminni en hlutabréf og innlán enn áhættuminni.
- Sjóðurinn á hlutabréf á Icelandair Group hf. annars vegar (3,7% af sjóði) og Marel hf. hins vegar (3,5% af sjóði). Hlutfall verðbréfa tengdum þessum tveimur félögum hækkaði á árinu 2015 með verðhækkunum þeirra á markaði.
- Í áhættuáætlun fjárfestingarstefnu fyrir árið 2017 er stefnt að því að setja mörk á ásættanlega samþjöppunaráhættu.




- Stærsti hluti eigna Stapa eru skráðar á markað og verð þeirra er breytilegt.
- Óskráðar eignir sveiflast líka í verði þó svo upplýsingar um verðbreytingar séu oft óaðgengilegar.
- Flökt eignasafnsins hefur farið vaxandi undanfarið ár og var í lok árs orðið hærra en það hefur mælst undanfarin sex ár eða 4,8%.
- Staðalfrávik er enn innan markmiða fyrir áhættutöku fyrir árið 2016 en fylgst verður vel með þróun verðbreytingaráhættu sjóðsins á næstunni.



# VERÐBREYTINGARÁHÆTTA

## Áhættudreifing


- Eignaflokkar bera með sér mismikla áhættu.
- Með því að blanda saman eignum úr ólíkum eignaflokkum minnka líkur á að eignasafnið í heild sveiflist eins mikið og hver eignaflokkur fyrir sig.



- Gjaldmiðlaáhættu er yfirleitt hægt að stýra með framvirkum samningum og valréttum, þótt slíkt sé ekki hægt í dag sökum gjaldeyrishafta.
- Í gjaldeyrishöftum undanfarinna ára hafa sveiflur á gengi verið tiltölulega litlar en búast má við að sveiflur aukist við afnám haftanna.
- Þrátt fyrir áhættu sem fylgir því að fjárfesta í annarri mynt er mikilvægt að dreifa áhættu með því að fjárfesta víðar en á Íslandi.
- Aukin áhættudreifing skilar sér væntanlega í betri afkomu sjóðsins miðað við tekna áhættu.

- Einungis 39% eigna sjóðsins eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs.
- Lægra verðtryggingarhlutfall eykur líkurnar á því að ávöxtun nái ekki að vege upp á móti verðbreytingum, sem myndi rýra kaupmátt lífeyrisréttinda.
- Verðbólguþá Seðlabankans gerir ráð fyrir aukinni verðbólgu seinnihluta ársins 2016 og á næsta ári.

Breyting frá fyrra ári (%)





Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

.. íslenskra lífeyrissjóða er mikil.

- Við mat á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins og þeirri réttindaávinnslu sem samþykktir kveða á um er ekki tekið tillit til þeirrar leitni sem hefur verið í lengingu lífaldurs Íslendinga undanfarna áratugi.
- Nú eru notaðar lífslíkur áráanna 2007-2011 en næsta útgáfa taflna hjá trygginga-stærðfræðingum um lífslíkur eru byggðar á reynslu áráanna 2010-2014 með spá um áframhaldandi lækkun á dánartíðni hjá flestum aldurshópum.
- Áhrif breytinganna á Stapa lífeyrissjóð voru metin til bráðabirgða á árinu 2015. Niðurstaðan var sú að heildarskuldbindingar sjóðsins í lok árs 2014 hækkuðu um rúm 10% m.v. óbreytta upphafstöku lífeyris, þ.e. við 67 ára aldur.
- Við auknum skuldbindingum vegna hækkandi lífslíkna má bregðast við með því að hækka eftirlaunaaldur, hækka iðgjöld í lífeyrissjóð eða lækka ávinnslu réttinda.



# Eftirfylgni sjóðfélaga



- Nú hefur réttindakerfi sjóðsins verið breytt í samræmi við ákvörðun ársfundar árið 2015 og því eykst úrskurðaráhættan í fyrstu, vinnureglur breytast og samhæfa þarf gagnagrunna og kerfi nýjum samþykktum.
- Sjóðfélagar sem fá úrskurðaðan lífeyri eru nú sem fyrr hvattir til að skoða vel hvaða lífeyri þeir fá úrskurðaðan og leita skýringa hjá sjóðnum séu þeir í vafa um einhver atriði.

- Á sjóðfélagayfirlitum sem sjóðurinn sendir til sjóðfélaga tvisvar á ári (rafrænt eða á pappír) er upplýst hvaða iðgjöldum hefur verið skilað til sjóðsins vegna viðkomandi sjóðfélaga.
- Mikilvægt er að sjóðfélagi yfirfari þessar upplýsingar og geri sjóðnum viðvart, ef þær eru ekki réttar, að öðrum kosti getur hann misst réttindi.
- Á árinu 2016 verða send út fyrstu sjóðfélagayfirlit eftir breytingar voru gerðar á réttindakerfi sjóðsins. Upplýsingar um réttindi sjóðfélaga eru þar sett fram með öðrum hætti en áður var gert.
- Sjóðfélagar eru hvattir til að skoða yfirlitin vel, bera saman við fyrri yfirlit og nýlega launaseðla og hafa samband ef þeir efast um réttmæti upplýsinga, hvort sem er varðandi greidd iðgjöld eða áunnin réttindi.



## 4. BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM 2016



## Réttindasjóður

Nafnið á sjóði vegna uppsöfnunar eftirlaunaréttar verði breytt úr iðgjaldasjóður yfir í réttindasjóður.

Þetta hefur áhrif á eftirtaldar greinar samþykktanna, þar sem hugtakið iðgjaldasjóður kemur fyrir: 17.1, 17.2, 17.4, 17.5, 18.1, 18.2, 18.3, 18.4, 19.1, 19.5, 19.13 og á Viðauka A og Viðauka B

Nafnið réttindasjóður er talið vísa betur til tilgangs sjóðsins, sem er að tryggja eftirlaunaréttindi sjóðfélagans. Þá veldur þetta síður misskilningi þar sem talað er um mismunandi iðgjaldasjóði vegna ráðstöfunar á iðgjaldi í annars vegar áfallatryggingar og hins vegar eftirlaun.

17.3 Reikna skal út sérstaka eignavísitölu sem mælir hreina ávöxtun á eignum sjóðsins á hverjum tíma. Vísitöluna skal reikna út mánaðarlega. Reikna skal út vísitöluna miðað við gangvirði eigna. Vísitalan er sett á 100 1. janúar 2016. Heimilt er að skipta sjóðnum niður í fleiri eignasöfn, sem bera mismunandi áhættu og taka mið af æviskeiði sjóðfélaga. Skal þá hvert og eitt safn hafa sérstaka eignavísitölu.

Eftir að sjóðfélagi hefur náð 65 ára aldri skal réttindasjóður hans breytast í samræmi við 3ja ára meðaltal af eignavísitölu sjóðsins, þar til hann hefur töku eftirlauna.

- Heimild sett inn til að deila sjóðnum niður í fleiri söfn, sem hvert hefði sína vísitölu. Væri slíkt gert væri hægt að deila sjóðfélögum niður á mismunandi söfn eftir æviskeiði þeirra.
- Sett inn ákvæði um að eftir 65 ára aldur hætti réttindasjóðir að taka mið af skammtíma markaðssveiflum en breytist þess í stað í samræmi langtíma

## 18. Eftirlaun.

18.1 Sjóðfélagi á aldrinum 60 til 75 ára, sem á réttindi í sjóðnum skv. 17. grein, á rétt á ævilöngum eftirlaunum í samræmi við stöðu ~~iðgjaldar~~réttindasjóðs hans, skv. gr. 17.2 og töflu II í viðauka A, við töku eftirlaunanna. Við úrskurð skal miða við mánaðarleg gildi töflunnar. Við töku eftirlauna ráðstafar sjóðfélagi ~~iðgjaldar~~réttindasjóði sínum endanlega, sbr. þó ákvæði greinar 18.6.

- Tilgreint að við lífeyrisúrskurði skuli miðað við mánaðargildi töflu en ekki árgildi.

# BREYTING Á GREIN 19.1

## 19. Endurhæfingar- og örorkulífeyrir.

19.1 Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi, sem talið er að svari til 50% örorku eða meira til almennra starfa á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við stöðu iðgjaldaréttindasjóðs skv. 17. gr. og töflu III í viðauka A og nánari skilmála þessa kafla. Við úrskurð skal miða við mánaðarleg gildi töflunnar. Örorkulífeyrir sem úrskurðaður er í samræmi við ákvæði 19.3 kallast endurhæfingarlífeyrir á meðan á endurhæfingartímabili stendur.

- Tilgreint að við lífeyrisúrskurði skuli miðað við mánaðargildi töflu en ekki árgildi.

Eigi sjóðfélagi rétt til framreiknings skal lífeyrissjóðurinn samhliða greiðslu lífeyris skrá framlag til iðgjaldasjóðs sjóðfélaga í samræmi við það iðgjald sem lagt er til grundvallar framreikningi, eftir ákvæðum greina 19.6 og 19.8 og töflu I í viðauka A. Framlagið tekur mið af örorkuhlutfalli og hlutdeild sjóðs í framreikningi ef um skiptan framreikning milli sjóða er að ræða.

- Segir til um að ef örorka er lægri en 100% þá nemur framlagið sama hlutfalli og nemur örorku prósentunni og á sama hátt ef framreikningnum er skipt milli sjóða myndast eingöngu framlag vegna hluta Stapa hjá Stapa.

Skylt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris og ef nauðsynlegt er, gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni sjóðsins eða öðrum lækni eða heilbrigðisstarfsmanni sem hann vísar til. Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá sjóðfélaga og hann sinnir ekki tilmælum sjóðsins þar að lútandi skal umsókn hans vísað frá og telst hún þá úr gildi fallin. Sama gildir ef fullnægjandi upplýsingum er ekki skilað við endurmat á örorku sbr. gr.19.10. Skili sjóðfélagi inn fullnægjandi gögnum, eftir að réttur hans til greiðslu hefur fallið niður vegna þess að gögnum var ekki skilað inn fyrir réttan tíma, fær hann að nýju rétt frá þeim tíma til að fá greiðslur, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Heimilt er sjóðnum í því tilviki að greiða sem nemur greiðslum allt að 9 mánuðum aftur í tímenn.

- Þegar sjóðfélagi skilar ekki inn nauðsynlegum gögnum á hann ekki rétt á lífeyri og krafa stofnast því ekki á hendur sjóðnum þegar svo háttar til. Hér er sett inn heimildarákvæði sem um að heimilt sé að greiða allt að 9 mánuði aftur í tímenn sem skoðast þá sem sá umþóttunar tími sem sjóðfélaginn hefur til að skila inn viðhlítandi gögnum.

# VIÐBÓT VIÐ GREIN 25.3

Heimilt er sjóðstjórn að greiða lífeyri sem eingreiðslu til sjóðfélaga sem búsettir eru erlendis, enda sé talið að sjóðurinn eigi erfitt með upplýsingaöflun um hagi viðkomandi sjóðfélaga sem nauðsynlegar eru til greiðslu reglubundins mánaðarlegs lífeyris. Skal þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi og miðast greiðslan þá við endurgreiðslu á réttindasjóði sjóðfélaga. samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings. Eftir slíka eingreiðslu á sjóðfélaginn engin frekari réttindi hjá sjóðnum.

- Reglan um endurgreiðslu byggist nú á að réttindasjóðurinn sé greiddur út (en ekki notast við tryggingafræðilega töflu eins og áður)



# BREYTING Á GREIN 25.5

25.5 Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. 2.500 króna á mánuði og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna, sem nema skal jafnvirði réttindasjóðs sjóðfélagans, af hendi í einu lagi. ~~samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.~~

- Endurgreiðslan miðast við réttindasjóð.

# BREYTING Á GREIN 26.2

Lífeyrisloforð sjóðsins um tryggingavernd til framtíðar eins og þau birtast í töflum I-V í viðauka A skulu árlega endurskoðuð og breytt ef tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins gefa tilefni til sbr. ákvæði 17. greinar. Stjórn sjóðsins er heimilt að gera breytingar á töflum I-V í viðauka A samkvæmt tillögum frá tryggingastærðingi sjóðsins, án þess að leggja þær fyrir ársfund. Slíkar breytingar skulu taka mið af breytingum á tryggingafræðilegum forsendum, þar með talið breytingum á lífslíkum. Taka skal inn slíkar breytingar með reglulegu- millibili í samræmi við breytingar á reynslutölum þar að lútandi. Breytingar á töflu I í viðauka A sem fela í sér að aukið hlutfall iðgjalds fari til áfalltrygginga er þó ekki heimilt að gera nema með samþykki ársfundar. —  
Um breytingar á áunnum réttindum fer að öðru leyti eftir ákvæðum gr. 26.3.

- Breytingar á réttindatöflum í viðauka A byggast alfarið á tæknilegum útreikningum. Því er það talið hafa takmarkað gildi að leggja slíkt fyrir ársfund (nema til kynningar) en lagt er til að stjórn sjóðsins geti gert slíkar breytingar skv. tillögu frá tryggingastærðfræðingi sjóðsins. Jafnframt er sett sú kvöð á sjóðinn að töflunum skuli breytt í samræmi við breytingar á lífslíkum þannig að þær verði teknar inn með reglulegum millibili í samræmi við reynslutölur.

## Viðauki A - Tafla II

Eftirfarandi texti skal bætast við aftan við töflu II:

Við úrskurð á eftirlaunum skal miða við mánaðargildi. Mánaðargildi eru fundin með því að brúa línulega milli árgilda töflunnar.

- Tiltekið að við úrskurði skuli notuð mánaðargildi.

# NÝ TAFLA II

<u>Aldur</u>	<u>Eftir laun</u>	<u>Aldur</u>	<u>Eftir laun</u>	<u>Aldur</u>	<u>Eftir laun</u>
<u>60</u>	<u>532</u>	<u>66</u>	<u>629</u>	<u>71</u>	<u>750</u>
<u>61</u>	<u>545</u>	<u>67</u>	<u>650</u>	<u>72</u>	<u>781</u>
<u>62</u>	<u>560</u>	<u>68</u>	<u>672</u>	<u>73</u>	<u>814</u>
<u>63</u>	<u>575</u>	<u>69</u>	<u>696</u>	<u>74</u>	<u>850</u>
<u>64</u>	<u>592</u>	<u>70</u>	<u>722</u>	<u>75</u>	<u>889</u>
<u>65</u>	<u>610</u>	-	-	-	-

- Tillaga frá tryggingastærðfræðingi sjóðsins um nýja töflu II sem talin er endurspegla betur tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

## Viðauki A - Tafla III

Eftirfarandi texti skal bætast við aftan við töflu III:

Við úrskurð á lífeyri skal miða við mánaðargildi.

Mánaðargildi eru fundin með því að brúa línulega milli árgilda töflunnar.

- Tiltekið að við úrskurði skuli notuð mánaðargildi.

## 5. STARFSKJARASTEFNA STAPA




ÞÓRARINN GUÐNI SVERRISSON, STJÓRNARFORMAÐUR

- Stefna Stapa lífeyrissjóðs er að ráða til sín menntað og áhugasamt fólk í samræmi við verkefni hvers starfs. Markmið sjóðsins er að bjóða ávallt bestu þjónustu og hæstu gæði í þjónustu sinni við sjóðfélaga og launagreiðendur. Sjóðurinn leitast við að nota faglegt ráðningarferli með það að markmiði að hámarka kunnáttu og hæfni starfsmanna með tilliti til þeirra verkefna sem þeir eru ráðnir til.

## Reglurnar fjalla um:

- Samkeppnishæf laun starfsmanna
  - Starfskjör stjórnarmanna
  - Starfskjör framkvæmdastjóra
  - Starfskjör áhættustjóra
  - Starfskjör stjórnenda og annarra lykilstarfsmanna
  - Starfskjör annarra starfsmanna
  - Kaupaukar
  - Yfirvinna
- 
- Starfskjarastefna skal borin undir ársfund

## 6. KOSNING STJÓRNAR





Frá launagreiðendum:

## Tillaga til ársfundar 2016

- Aðalmenn til tveggja ára:
  - » Ágúst Torfi Hauksson, Akureyri
  - » Magnús E. Svavarsson, Sauðárkróki

Frá launamönnum:

## Tillaga til ársfundar 2016

Aðalmenn til tveggja ára:

- » Þórarinn Sverrisson, Sauðárkróki
- » Huld Aðalbjarnardóttir, Húsavík

Varamenn til tveggja ára:

- » Erla Björg Guðmundsdóttir, Akureyri
- » Sigríður Dóra Sverrisdóttir, Vopnafirði

## 7. KOSNING LÖGGILTS ENDURSKOÐANDA



Tillaga


- » Deloitte hf., Akureyri
  - Knútur Þórhallsson, löggiltur endurskoðandi
  - Ragnar Jóhann Jónsson, löggiltur endurskoðandi

## 8. LAUN STJÓRNAR



- Stjórnarlaun 90.000 kr. á mánuði
- Varamaður: 45.000 kr. fyrir hvern setinn fund
- Formaður stjórnar 180.000 kr. á mánuði
- Varaformaður stjórnar 135.000 kr. á mánuði

# 9. ÖNNUR MÁL





**STAPI**  
LÍFEYRISSJÓÐUR